



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



# Starfsáætlun Rofaborgar 2019 – 2020



Leikskólinn Rofaborg  
Skólabæ 2  
110 Reykjavík

## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2	Innra mat deilda og umbótaæðáætlanir .....	6
3	Ytra mat.....	15
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	16
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	17
6	Foreldrasamvinna .....	18
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal (sjá fylgiskjal 3) .....	19
8	Fylgigögn .....	19
	Fylgiskjal 1.....	19
	Samantekt um sérkennslu / stuðning. ....	20
	Fylgiskjal 2.....	20
	Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	20
	a. Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal ( sjá exelskjal) .....	22
	b. Umsögn foreldraráðs .....	23

# Leiðarljós leikskólans: leikur - gleði - vinátta

## Vinátta - Stuðlum að vináttu allra

- höfum falleg samskipti hvert við annað
- verum fær í að umgangast hvert annað
- lærum að lesa í tilfinningar
- sýnum hvert öðru umhyggju og hlýju




## Leikur - Leikur barna er mikilvæg náms- og þroskaleið

- leikur er vinna og nám barnsins
- í leiknum fer fram mikilvæg sköpun
- börn þurfa að sýna frumkvæði og vera virk í leiknum



## Gleði – Gleði er rauður þráður í daglegu starfi og athöfnum

- öllum á að líða vel í leikskólanum
- verum jákvæð gagnvart hvert öðru
- að gera sjálfur veitir gleði
- hvetjum og hrósum hvort öðru



## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Enn eitt gjöfult og gott skólaár er að baki í Rofaborg. Veturinn hefur einkennst af vinnusemi og metnaði starfsmanna við að ná fram markmiðum sem sett voru fram í starfsáætlun haustið 2018. Eitt af markmiðunum var að koma á flæði yngri barnanna yfir á eldri deildar til að auka fjölbreytileika í umhverfi og leik barnanna. Framkvæmdin var þannig að dagpart einu sinni í viku fóru börn af Svanalandi, Þrastalandi og Lóulandi í litlum hópum á eldri deildar. Það var alltaf mikil tilhlökkun og eftirvænting hjá börnunum að fara í heimsókn og verkfenið hefur gengið alveg einstaklega vel. Það er frábært að sjá hvað börnin eru nú öruggari að flytjast á eldri deild. Það verður auðvelt að festa þennan þátt starfsins í sessi næstu árin.

Þróunarstarf með flæði milli tveggja elstu deilda, Krummalands og Spóalands hefur farið í góðan farveg í vetur. Framkvæmdin hefur verið á þann hátt að börnin velja um nokkur svæði með frjálsum leik á báðum deildum og í lðu (leiksal). Markmiðið hefur verið að gefa börnunum meira val um leiksvæði og félagu um leið og verið er að taka niður ákveðnar girðingar milli deilda. Valið hefur gengið einstaklega vel og við sjáum öruggari og öflugri börn sem leika sér saman þvert á deildar. Þau fara lang flest saman í Árbæjarskóla þegar leikskólanum lýkur og með þessum leiðum eru þau búin að mynda tengsl þvert á deildar fyrir grunnskólagönguna.

Annað skólaárið höfum við skipt vetrinum niður í verkefnalotur. Við vorum með alls 7 lotur sem hver um sig spannaði 6-8 vikur. Þær voru;

Lota 1 ... 3. sept. – 14. okt. **Útikennsla - Náttúran og umhverfið.**

Lota 2... 15. okt. – 23. nóv. **Málrækt og læsi - Þjóðsögur og ævintýri**

Lota 3... 26. nóv. – 21. des. **Jólaundirbúningur.**

Lota 4... 7. jan. – 22. feb. – **Vísindastarf.**

Lota 5... 25. feb. – 26. apr. **Málrækt og læsi - Framsögn.**

Lota 6... 29. apr. – 1. júní. **Útikennsla - Vorið og umhverfið.**

Við erum mjög ánægð með þessa þróun. Verkefnin í lotunum voru vel undirbúin og skemmtileg. Vísindastarfið hefur farið inn á allar deildir nema til yngstu barnanna. Það er athyglisvert að sjá og heyra hvað börnin læra mörg ný orð og heiti hluta þegar tekið er þátt í vísindastarfi. Vitsmunaleg þekking, rökhugsun og aukinn málþroski eykst hjá börnunum. Í báðum læsis lotunum vorum við með lestrarátak og fengum foreldra í lið með okkur. Það var virkilega ánægjuleg að sjá hvað margir foreldrar voru áhugasamir að lesa á hverjum degi heima fyrir börnin. Í byrjun maí lauk

lotu 5 með opnu húsi. Þar sýndu deildir afrakstur vinnunnar sem voru söngleikir, dansar og söngvar auk fjölda myndlistarverkefna.

Rofaborg tók þátt í samstarfi við Tónskóla Sigursveins sem lauk með tónleikum í Hörpu. Miklar æfingar lágu að baki tónleikunum og ber að þakka deildarstjórum á Krummalandi og Spóalandi fyrir þá miklu vinnu.

Elstu börnin hafa lengi notið ákveðinnar sérstöðu í Rofaborg. Undanfarin ár hefur hópastarfið þeirra verið umhverfismennt, stærðfræði og læsi. Þau hafa reglulega farið í vettvangsferðir á stofnanir, söfn og vinnustaði á stórum Reykjavíkursvæðinu. Þau eru orðin mjög ferðavön og alls staðar þar sem tekið er á móti þeim fá þau hrós fyrir fallega og prúða framkomu.

Annað árið hefur vinnutímaskipulag deildarstjóra verið viðvera á deild kl. 8-14 og undirbúningsvinna og önnur umsýsla vegna deildarinnar s.s. fundir o.fl. kl. 14-16. Þetta fyrirkomulag hefur skilað okkur margfalt þéttara og markvissara deildarstarfi og í leiðinni meiri fagmennsku og gæðum í starfi barnanna.

Ný menntastefna Reykjavíkurborgar undir heitinu „Látum drauma okkar rætast“ mun vera tekin í gagnið í öllum skólum nú á haustdögum. Áherslur Rofaborgar verða;

Virkni barna og þátttaka  
Félagsfærni  
Læsi  
Sjálfsæfning

**Markmið verkefnisins eru;**

- \* Til að auka málþroska barna.
- \* Til að efla börn í félagslegum samskiptum.
- \* Til að styrkja sjálfstraust og sjálfsæfningu barna.

Rofaborg tekur þátt í verkefninu „sumaropnun“ sem verður til þess að leikskólinn lokar ekki vegna sumarleyfa. Mikil ánægja er meðal foreldra og starfsmanna með þátttöku í verkefninu.

## 2. Innra mat deilda.

### Innra mat Svanalands – 18. mán – 3ja ára.

Flæði 2018-2019 - Flæðið var á miðvikudögum í vetur, kl 15:15 til 15:45.

Tímasetningin var mjög hentug með tilliti til vinnutíma starfsamanna. Okkur þætti gaman að lengja tímann sem við erum inn á annarri deild, höfum verið í 30 mín en mætti vera alveg til 16:00, eða í 45 mínútur, þar sem börnin voru tiltölulega ný dottin í leik og þegar þau þurftu að fara aftur á sína deild.

Skipulagið var gott, áætlunin er að bæta það þó og hafa betri yfirsýn yfir það hvaða börn eru að missa af og hafa hópaskiptingu breytilega ef þess þarf.

Við viljum einnig setja flæði inn í dagskipulag deildarinnar. Það væri snjallt að upplýsa foreldra og fræða frekar um flæðið.

Nú hefur komið nokkur reynsla á flæðið og væri því gaman að því væri fylgt eftir og að starfsmenn annarra deilda væri einnig meðvituð um það.

Börnin voru mjög ánægð með flæðið og alltaf jafn spennt að fara í heimsókn yfir á aðra deild og erfitt oft á tíðum að bíða þangað til röðin kæmi að þeim.

Fyrst fannst sumum börnum erfitt að fara yfir á aðra deild og þá sáum við hvar þyrfti að bæta sjálftraust sem hjálpaði okkur að hjálpa þeim.

Gaman var að fylgjast með hve þau efdust í leik með eldri börnum og hvað þau urðu örugg inn á öðrum deildum.

Eldri börnin sem komu í heimsókn á Svanaland þótti líka mjög skemmtilegt. Mikilvægt er að byggja á jákvæðri upplifun á Svanalandi og eyða þeirri mýtu að það sé bara fyrir smábörn.

Okkur hlakkar til að bæta flæðið hjá okkur og halda áfram að festa það í þessi.

## Umbótaáætlun Svanalands

Umbótaþættir Svanaland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta? 10 mínútna reglan og TMT</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Stefnt er að því að efla markvist málþroska barna og tjáningargetu barnanna.	Við þurfum að setja niður tíma(plan) til að fylgja 10 mínútna reglunni. Nota TMT í matartíma og samverustundum og í fataklefanum og í daglegu starfi barnanna.	Hefst vonandi í byrjun skólaárs 2019 og notum þetta áfram.	Allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð en deildarstjóri ber ábyrgð á að setja upp plan fyrir 10 mínútna regluna og kynna tmt fyrir starfsfólki og virkja þau í að nýta það.	Rýnihópur starfsmanna. Endurmeta t.d. eftir 1-2 mánuði.	Efla málþroska og færni til að tjá þarfir sínar.
<b>Flæði á milli deilda</b>	Flæði á milli deilda hefur gengið vel. Við viljum halda áfram með það. Okkur finnst það efla sjálftraust barnanna og gera þau öruggari á göngum leikskólans	Við ætlum að setja meiri áherslu á að flæðið haldi áfram að ganga vel, og að því sé sinnt.	Hefst í byrjun nýs skólaárs og heldur áfram.	Allir starfsmenn deildarinnar taka þátt í flæði og mikilvægt að allir séu meðvitaðir um tímasetningu flæðis. Mikilvægt er að einn aðili tekur að sér ábyrgð til að skipuleggja flæði og hópaskiptingar.	Rýnihópur starfsmanna. Endurmeta t.d. eftir 1-2 mánuði.	Ýta undir sjálfstraust og öryggi barna í samskiptum við eldri börn

## **Innra mat Lóulands og Prastalands – 3ja – 4 ára.**

### **Val barnanna.**

Við vildum að börnin kæmu meira að vali í frjálsum leik með því að börnin sem væru þjónar hvern dag fengu að velja leikefni á töfluna. Börnin velja síðan hvar þau vilja leika. Tímaáætlun á þessu var frá janúar 2018 til desember 2018.

### **Okkar mat.**

Okkar mat er að það hefði ekki gengið eins vel og við vildum. Ástæðan fyrir því að ekki gekk eins vel og við vildum, var að börnin voru ekki að koma nægilega snemma í leikskólann til að leyfa þeim að velja leikefni fyrir morgunvalið. Við prófuðum í staðinn að leyfa þeim að velja leikefni fyrir seinni partinn en það gekk ekki nægilega vel heldur, þar sem börnin voru stundum farin heim á þeim tíma. Aldur barnanna á deildinni kemur til með að vera lægri á næsta skólaári og því viljum við bíða og sjá með hvaða sniði við munum halda þessu áfram á næsta skólaári.

### **Meira samstarf á milli deilda.**

Við vildum að börnin fengu að kynnst öðrum deildum leikskólans. Starfsmaður fer með fjögur börn í heimsókn á aðra deild til að leika. Önnur fjögur börn koma í staðinn af deildinni sem var heimsótt með öðrum starfsmanni. Tímaáætlun er október 2018 til desember 2018.

### **Okkar mat**

Samstarf milli deilda gekk mjög vel. Við heimsóttum Svanaland einu sinni í viku með fjögur börn úr yngri hóp og þau komu til okkar með fjögur börn. Eldri hópurinn fór fimm og fimm í einu í heimsókn á Krummaland. Hvert barn fékk því að fara í heimsókn á aðra deild, aðra hverja viku. Þessi tilbreyting á starfinu vakti mikla ánægju hjá bæði börnum og starfsfólki og þau hlakkaði til að fara í heimsóknirnar. Vilji er til að halda þessu áfram hjá starfsfólki og börnum.

### **Faglega starfið**

Við vildum nýta hæfileika starfsfólks betur í starfi. Við vildum nýta styrkleika starfsfólks betur þannig að það hefði yfirumsjón með þeim þætti sem styrkleikar þess lægju í. Tímaáætlun er september 2018 til maí 2019.

### **Okkar mat**

Við hefðum viljað geta nýtt mannauðinn betur og teljum því að þetta hafi ekki gengið nægilega vel.

### **Uppbyggileg gagnrýni**

Við vildum benda uppbyggilega á hvað betur má fara hjá öðrum starfsmönnum í starfinu með því að leiðbeina jákvætt. Tímaáætlun var september 2018 til maí 2019.

### **Okkar mat**

Okkar mat er að þetta hafi gengið ágætlega. Starfsfólki fannst samstarfsfólk kurteist við sig og koma með sanngjarna gagnrýni. Talað var um að samskiptafærni mætti vera betri í leiðbeiningum milli starfsmanna í einhverjum tilfellum.

### **Endurmat barnanna á skólastarfinu**

Börnin voru spurð út í helstu athafnir dagsins. Notast var við myndir sem sýndu glaðan karl, leiðan karl og karl sem er hlutlaus.



## Mat barnanna



Hvernig líður þér í frjálsum leik?	16	0	2
Hvernig líður þér í matartímanum?	13	4	1
Hvernig líður þér í hvíld?	14	3	1
Hvernig líður þér í fataklefanum?	11	3	4
Hvernig líður þér að fara á salernið?	15	2	1
Hvernig líður þér í útiveru?	14	1	3
Hvernig líður þér í söngstund?	13	1	4
Hvernig líður þér í lesstund?	17	0	1
Hvernig líður þér í sýna og segja frá?	18	0	0
Hvernig líður þér í Regnboganum (myndlist)?	18	0	0
Hvernig líður þér í Iðu (hreyfing)?	16	1	1
Hver líður þér í hópastarfi?	17	0	1
Hvernig líður þér í gönguferðum?	16	1	1



## Umbótaáætlun Lóulands og Þrastalands

Umbótaáætlun Lóulands og Þrastalands.	Markmið með umbótum		Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Styrkja félagshæfni og málþroska barna.</b>	Efla börn í félagslegum samskiptum.	Vinna með hlutverkaleik í hópastarfi og frjálsum leik- með bæði föstum hópum og breytilegum.	September 2019 til maí 2020.	Allt starfsfólk deildar.	Skráningar innan hvers hóps á hvernig gekk yfir veturinn. Rætt á deildarfundum yfir veturinn. Endurmat um áramót.	Betri félagsfærni barna, að þau geti leyst sín deilumál sjálf og sýni hvert öðru samkennd og virðingu. Börn læri að standa á sínu.
<b>Efla málþroska barna</b>	Auka máltjáningu, orðaforða og málskilning barna.	Auka lestur, þulur, vísur, söngva og rím. Gefa þeim tækifæri að semja sjálf og koma fram fyrir aðra. Gefa 10 mín á dag.	September 2019 til maí 2020.	Allt starfsfólk deildar.	Umræða á deildarfundum til þrisvar á önn. Minna okkur á skráningu á 10 mín reglu.	Gera börnum kleift að tjá sig um skoðanir, þarfir og tilfinningar sínar. Það styrkir sjálfsmýnd þeirra. En einnig að þau geti lesið í umhverfi sitt.
<b>Styrkja börnin til sjálfsbjargar</b>	Að börnin verði meira sjálfbjarga: s.s. að klæða sig í og úr útifötum, að	Við hvetjum þau til að reyna og gera sjálf, gefum þeim	Byrjum september 2019 til maí 2020.	Sameiginlegt verkefni deildarstjóra og starfsfólks.	Könnun: tilbúið skráningarblað þar sem við skráum getu	Að börnin geti bjargað sér sjálf í fataklefa, í

	nota hníf til að skera og smyrja í matartímum og bjarga sér á klósetti.	lengri tíma og þolinmæði.			barna að hausti, um jólin og að vori.	matartímum og á klósetti.



## Umbótaáætlun Spóalands

Umbóta- þættir Spóaland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Val á bókum</b>	Að velja bækur á markvissari hátt út frá félagsfærni og boðskap tengdum nútímasamfélagi	Endurskipuleggj a bækurnar og velja bækur út frá áhugasviði og aðstæðum tengdum samfélaginu	Júní/júlí og þróast áfram	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allir starfsmenn framkvæma og meta	Rætt og metið á deildarfundum	Að bækur nýtist til kennslu um jafnrétti, fjölbreytileika og menningu nútímans
<b>Málörvun í litlum hópum</b>	Að lesa og örva málþroska barna á einstaklings- miðaðan hátt	Skiptum barnahópnum niður í minni hópa eftir þörfum barna, kennari ber ábyrgð í sínum hóp	Hefst í haust og líkur næsta haust	Deildarstjóri ber ábyrgð á undirbúning og allir framkvæma	Rætt og metið á deildarfundum og skráning gerð	Að börn fái málörvun við hæfi og öðlist sjálfstraust í að tjá sig í hóp
<b>Notkun á Tákn með tali</b>	Að starfsfólk noti Tmt í þeim tilgangi að efla málþroska	Förum á námskeið. Höfum tákn á veggjum og tákn vikunnar	Hefst í haust eftir að allir hafa setið námskeið	Deildarstjóri ber ábyrgð á undirbúning. Eva ber ábyrgð á Tmt stundum og tákn vikunnar	Rætt og metið á deildarfundum	Að börn kynnist Tmt og nýti sér það í samskiptum (sjálfshjálp)
<b>Frelsi í frjálsum leik</b>	Að börn fái algjört frelsi í leik inni á deild	Setjum fáar, skýrar og einfaldar reglur → Allir leika með allt – Allir taka saman	Hefst í haust	Deildarstjóri ber ábyrgð á undirbúning og skipulagi og allir bera ábyrgð á framkvæmd	Rætt og metið á deildarfundum	Að börnin hafi frelsi og læri að meta frelsið, samvinnuna, samskiptin og dótið

## Umbótaáætlun Krummalands

Umbótaáættir Krummalands	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Fá þau til að taka virkan þátt í að móta umhverfið sitt. Sem ýtir undir það að þau fari eftir settum reglum.	Setjast niður með börnunum og skrá þeirra hugmyndir	September 2019-júlí 2020	Allir starfsmenn Krummalands	Fara aftur í hóp með börnunum og kanna hvernig hefur gengið. Einu sinni á önn.	Árangur mældur út frá svörum barnanna og reynslu kennara.
	Efla félagsfærni og sjálfstæði barnanna.	Á morgnana verður farið í leiki með börnunum. Eftir hádegi fá börnin að velja hvað verður í boði á hverri valstöð og velja sjálf hvað þau leika með	September 2019-júlí 2019	Allir starfsmenn Krummalands	Ræða við börnin og skrá niður hvernig þeim hefur fundist ganga. Fylgjast með börnunum í leik.	Árangur mældur út frá svörum barnanna og reynslu kennara.
	Að börnin þekki og skilji réttindi sín.	Með aukinni umfjöllun og fræðslu. Taka einn þátt barnasáttmálans fyrir í hverri viku.	September 2019-júlí 2019	Allir starfsmenn Krummalands	Endurmat mánaðarlega með börnunum og á deildarfundum	Árangur mældur með spurningum til barnanna og skilningur þeirra á þeim.
	Að kenna börnunum að vera umburðarlind í garð annara. Efla vináttufærni.	Samvinnuleikir. Börnunum skipt niður í getuskipta hópa.	September 2019 – Júlí 2020	Allir starfsmenn Krummalands	Haldið verður utan um skráningu sem síðan verður skoðuð og verkefnið endurmetið í lok hverrar annar.	Árangur mældur með spurningum til barnanna og skilningur þeirra á þeim.

	Ýta undir áhuga á lestri og skilning á íslensku máli.	Getuskipta börnunum í hópa. Nota myndir, hluti og leik samhliða lestrinum.	September 2019-júlí 2020	Allir starfsmenn Krummalands	Endurmat á deildarfundu m. Rætt um gang mála og framfarir.	Fylgst með framförum barna með skráningu og athugun á skilningi.
	Markmiðið er að ná að tala við og sinna hverju og einu barni á deildinni.	Setja upp lista með öllum nöfnum barnanna og hver og einn starfsmaður skráir hvenær hann hefur talað við barnið.	September 2019-júlí 2020	Allir starfsmenn Krummalands	Í lok hvers mánaðar er farið yfir listann og séð hvernig gengið hefur.	Séð út frá skráningu hvernig hefur gengið.

## Endurmat elstu barna á Spóalandi og Krummalandi

### Hverju langar þig til að breyta í leikskólanum.

- Að fá að leika með sápukúlur
- Fá trambolín í garðinn
- Fá þyrlu með fjarstýringu
- Fara meira í fótbolta og fá rólur sem fara mjög hátt
- Fá fleira Holo kubba
- Að allir séu vinir
- Kaupa meira dót
- Fleiri krakka
- Taka geitungana burt
- Fá sundlau með rennibraut
- Fleiri hjól
- Prinsessudót

### Hvað er mest gaman í leikskólanum.

- Lita og klifra í trjám
- Leika í púðum
- Leika úti í sólinni
- Fara að sækja matinn og vera þjónn
- Leika í púðunum
- Hafa hljóð og hlusta og spila
- Úti að leika í sólinni
- Að fara í Hvalasafnið
- Að vera með vinkonunum.
- Úti í fótbolta og síðan í dupló inni og holó og púðar
- Teikna, dúkkó og leika úti með músík

### Hvað ertu búin að læra í leikskólanum

- „Læra margt um tréin og að týna kuðunga“
- Hlaupa og vera góður vinur
- Leika í Playmó
- Setu- og stoppdans
- Vera með krökkunum
- Að vera góður vinur
- Ég kann að reikna og skrifa.
- Skrifa og lesa og reikna
- Handahlaup með einni hendi og hvað fjöllin heita
- Syngja fallega með öllum krökkunum
- Það má ekki brjóta glugga.
- Vera vinir og leika saman
- Að nota skólabók
- Mjög mikið um tréin og fuglana og náttúruna og það er ótrúlega gaman að læra á leikskólanum sem er með bestu kennarana á Spóalandi.
- Leysa vandræði

### 3. Ytra mat

Ekki var gert ytra mat í Rofaborg skólaárið 2017 – 2018.

Reykjavíkurborg var með starfsmannakönnun í lok janúar og fram í febrúar 2018. Helstu niðurstöður úr henni voru;

Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4.15

Árangursríkir stjórnunarhættir 4.48

Starfsánægja 4.39

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4.44

Meðalskor þátta 4.40

### 4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Samtölin munu skiptast í eftirfarandi;

- Samtöl við deildarstjóra tvisvar á skólaári
- Nýliðasamtöl. Eiga sér stað eftir 4-6 vikur í starfi
- Samtöl við aðra starfsmenn. Einu sinni á ári
- Starfslokaspjall. Við starfsmenn sem hætta störfum.

Áætlað er að fá fræðslu sem styður við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar. Áherslur Rofaborgar í stefnunni eru eins og áður hefur komið fram.

Virgni barna og þátttaka  
Félagsfærni  
Læsi  
Sjálfsþing



## 5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Löng hefð er fyrir samvinnu Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja samstarfið allt til ársins 1987. Markmið samstarfsins er;

- Að stuða að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla í grunnskóla.
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heildstæðu námi barna
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

### Áætlun fyrir skólaárið 2018-2019

**September** - Heimsókn leikskólabarna á bókasafn Árbæjarskóla. Starfsmaður bókasafnsins tekur á móti hópnum og les fyrir þau.

**Október** - Heimsókn nemenda í 1. bekk á leikskólana í um 2 klst. Börnin fá ávexti og taka þátt í leik með leikskólabörnunum.

**Nóvember** - Dagur íslenskrar tungu - Heimsókn leikskólabarna í hátíðarsal skólans. Börnin stíga á svið og flytja söng eða þulu sem er hluti af dagskrá hátíðarinnar.

Smiðjudagur fyrir leikskólabörn í Árbæjarskóla sem eru venjulega seinni partinn í nóvember.

**Desember** - Heimsókn leikskólabarna í skólann - Leikskólabörnin mæta í jólastund með 1. bekk.

**Febrúar** - Dagur stærðfræðinnar

**Mars-apríl** - Heimsóknir leikskólabarna í daglegt starf 1. bekkjar. Farið er inn í kennslustund, í matsal og í frímínútur.

**Mái** - Vorskóli fyrir væntanlega nemendur í Árbæjarskóla.

**Júní** - Rofaborg og 1. bekkur Árbæjarskóla fara saman í útikennslu á grenndarsvæði leikskólans. Ferðin er skipulögð af kennurum Rofaborgar.

## 6. Foreldrasamvinna

### Foreldraráð.

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar 2014. Í foreldraráði Rofaborgar sitja 4 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Haustið 2019 þarf að kjósa nýjan fulltrúa í foreldraráðið eins og reglur gera ráð fyrir.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur séð um viðburði sem hafa það að markmið að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sveitarferð, fjölskylduhátíð og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkunum við útskrift elstu barna.

### Foreldrafundir

Foreldrafundur verður að hausti fyrir allar deildir í einu. Í júní sl. prófuðum við að hafa fund fyrir foreldra þeirra barna sem áformað var að myndu byrja í Rofaborg í ágúst og september. Þetta fyrirkomulag gafst vel og er því áformað að halda slíkan fund aftur í vor.

### Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða á tímabilinu nóvember 2019 – maí 2020. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2019 komi í viðtal fyrir áramót og einnig foreldrar þeirra barna sem skiptu um deild í sumar og haust, en það er u.þ.b. helmingur barna af hverri deild. Eftir áramót, á tímabilinu janúar – apríl 2019 koma foreldrar hinna barnanna sem og þeir sem vilja fá annað viðtal. Það hefur hentað vel að dreifa viðtölunum á nokkra mánuði og við leyfum foreldrum að velja tíma eftir kl. 14 á daginn.

### Þáttaka foreldra í leikskólastarfinu.

- Jólakakó foreldra í byrjun desember
- Karlaheimsókn í kringum bóndadaginn. Þá bjóða börnin körlunum í lífi sínu að koma í leikskólann og eiga notalega stund.
- Kvennaheimsókn í kringum konudaginn. Þá bjóða börnin konunum í lífi sínu að koma í leikskólann og eiga notalega stund.
- Opið hús í apríl /maí.

## 7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal (sjá fylgiskjal 3)

Skipulagsdagar fyrir skólaárið 2019-2020.

13. september 2019 – **Lokað**.

19. nóvember 2019 – **Lokað** - Sami dagur og Árbæjarskóli

7. febrúar 2020 – **Lokað** – Sami dagur og Árbæjarskóli

22. eða 27. apríl – **Lokað**

24. apríl – **Lokað** – Sami dagur og Árbæjarskóli

22. maí – **Lokað** – Sami dagur og Árbæjarskóli

## 8. Fylgigögn

### Fylgiskjal 1.

#### Samantekt um sérkennslu / stuðning.

Vísbending	Fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	Já 2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	Já 3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	Erfitt að tilgreina hversu mörgun en sérkennslustjóri tekur vinnustundir þegar við á.	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3 starfsmenn	Lögð er áhersla á að allir starfsmenn komi að sérkennslu barna með einum eða öðrum hætti. Allir starfsmenn viðkomandi deildar þurfa að þekkja þarfir sérkennslubarna og taka þátt í að vinna eftir einstaklingsáætlun.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	Læsisáætlun
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	

Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já á u.þ.b. 6 vikna fresti	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts sem og talmeinafræðinga og sjúkraþjálfara.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já eftir því sem við á.	

## Fylgiskjal 2.

### Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í Rofaborg er 21 barn með annað móðurmál en íslensku. Það er um 22% af heildarfjölda. Í september 2019 var ráðinn verkefnastjóri fjölmenningar. Um er að ræða reynslumiklan leikskólakennara og fyrrum leikskólastjóra sem verður í 49% starfi. Megin verkefni verkefnastjórans er að efla og styrkja börnin í leik og starfi með það að markmiði að auka málþroska, félagsfærni og sjálfseflingu.

#### Hvernig er unnið með fjölmenningarlegt leikskólastarf?

- Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks og foreldra. Foreldrar ætíð hvattir til að tala sitt tungumál við barnið. Starfsmenn fá fræðslu um málþroska barna og hvernig best er að tala við börn sem eru að læra fleiri en eitt tungumál.
- Fánar frá heimalandi barnanna eru gerðir sýnilegir í leikskólanum.
- Lögð er áhersla á að jákvæð og gefandi samskipti við börnin og virka þau til þátttöku í barnahópnum.
- **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?**
  - Markviss vinna með daglegan orðaforða með því að setja orð á athafnir og hluti í umhverfinu. Mikið eru notaðar myndir til að tengja saman orð og hluti. Orðaforði er dýpkaður með því að endurtaka það sem barnið segir og flokkaðar myndir eru notaðar til að auðga orðaforðann.
  - Að lesa fyrir börn eru ein áhrifamesta leiðin til að auðga mál barnanna. Mikil áhersla er lögð á að lesa í litlum hópum. Einnig hefur verið lögð áhersla á flæðilestur. Þá les starfsmaðurinn sögur aftur og aftur og börnin geta komið í hlustun og farið að vild. Það hefur gefist vel.

- Til að fylgjast með málþroska barnanna eru notaðir TRASS færnilistar sem eru fylltir út tvisvar á ári.
- Hugað er að öllum þáttum málþroska;
  - Orðaforði og málskilningur
  - Tjáning og frásögn
  - Hlustun og hljóðkerfisvitund
  - Ritmál
  - Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun
- **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?**
  - Þegar börn foreldra sem ekki tala íslensku koma í leikskólann er ætíð fenginn túlkur í fyrsta viðtal.
  - Sendur er tölvupóstur á ensku til þeirra foreldra sem hafa óskað eftir því. Í Rofaborg starfa pólskir starfsmenn. Þeir veita pólskum börnum mikið öryggi sem og foreldrum einnig. Í nokkrum tilfellum hafa starfsmenn komið skilaboðum til pólskra foreldra þegar það hefur átt við.
  - Símatúlkun hefur verið notuð talsvert til að koma upplýsingum og skilaboðum til foreldra.
  - Í fyrsta viðtali eru foreldrar ætíð hvattir til að tala sitt móðurmál við barnið og að lesa fyrir barnið á sínu móðurmáli. Við sjáum um að kenna barninu íslensku og lesa fyrir það á íslensku.
  - Ef aðlögun barna með erlend móðurmál gengur illa höfum við í einstaka tilfellum fengið aðila til okkar sem talar tungumál barnsins til að vera inni á deildinni og styðja við barnið á meðan aðlögunin gengur yfir. Í einu tilfelli var það mikill stuðningur fyrir barnið að heyra tungumálið sitt og það breytti aðlögunarferlinu til batnaðar.

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Auka samvinnu og fræðslu til foreldra.	Fleiri og markvissari fundir með foreldrum erlendra barna.	Okt. 2019 – sept. 2020	Verkefnastjóri fjölmenningar	Könnun og athugun á virkni starfsmanna.	Að börnin ná góðu valdi á íslensku í gegnum leik og athafnir.
	Efla málþroska og félagsfærni erlendu barnanna.	Fylgja börnunum í leik og starfi inn á deildinni í frjálsum leik og í daglegum athöfnum.	Okt. 2019 – sept. 2020	Verkefnastjóri fjölmenningar	Maí 2020	Að börnin ná góðu valdi á íslensku í gegnum leik og athafnir.

a. Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal ( sjá exelskjal)

b. Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal b.

## **Starfsáætlun 2019 – 2020**

### **Rofaborg**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Ólafur Jónsson**

**Ágústa Ósk Einarsdóttir**

**Íris Dögg Gunnarsdóttir**

**Þórður Ingi Guðmundsson**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí.

Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**



# Starfsáætlun 2019 – 2020

## Rofaborg



## Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Ólafur Jónsson**

**Ágústa Ósk Einars Sandholt**

**Íris Dögg Gunnarsdóttir**

**Þórður Ingi Guðmundsson**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð leikskólans Rofaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2019 – 2020. Er það mat ráðsins að starfsáætlunin sé í anda þeirra viðmiða sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar setur leikskólum borgarinnar og að fjallað sé um öll þau atriði sem kveðið er á um í aðalnámskrá Reykjavíkurborgar fyrir leikskóla.

Strax frá upphafi leikskólagöngu barnanna er unnið að málproska þeirra sem svo er unnið með alla skólagönguna í samræmi við aldur og getu hvers og eins. Þá eru þau hvött til að hugsa sjálfstætt og bera ábyrgð á sjálfum sér og er þeim leiðbeint í gegnum það ferli í gegnum alla leikskólagönguna sem svo eykst jafnt og þétt í samræmi við aukinn aldur og þroska barnanna. Einnig er þeim kennt á lýðræði, jafnrétti og mannréttindi og er því vel tvíannað inni leik og starf barnanna þar sem þau þurfa að hlusta á og taka tillit til annarra og átta sig á mikilvægi málamiðlana þegar ekki eru allir sammála um leiðina sem skuli fara eða aðferðina sem skuli beitt. Sambland inni- og útikennslu er til fyrirmyndar og er nærumhverfi leikskólans gríðarlega vel nýtt til leiks og starfs. Aldur og þar með líkamlegir burðir barnanna eru látin ráða lengd og erfiðleika gönguferða og því hvað gert er og er hægt að finna eitthvað við allra hæfi í nær umhverfi leikskólans. Eins er það sérstaklega ánægjulegt hversu vel unnið er úr öllum þeim fjölbreytileika sem Elliðaárdalurinn hefur upp á að bjóða og fá börnin tækifæri til að kynnast og læra á náttúruna og nærumhverfi sitt.

Eins er samstarf Rofaborgar við Árbæjarskóla til fyrirmyndar og hjálpar börnunum að takst á við breyttar aðstæður þar sem skólahópur heimsækja Árbæjarskóla reglulega yfir veturinn þannig að þau eru farin að þekkja skólann og umhverfi hans þegar þau hefja skólagöngu sína.

Starfsfólk leikskólans allt er til fyrirmyndar og faglegt í sínum störfum og finnur ráðið ekki fyrir öðru með sín börn en að þeim líði vel í leikskólanum.

Það er mat ráðsins að faglega sé staðið að rekstri leikskólans og að þarfir barnanna séu ávalt hafðar í fyrirrúmi. Þá telur ráðið að vel sé hugað að aldri og þroska barnanna þegar kemur að virkjun þeirra til leiks og starfs og að stuðlað sé að því að hæfileikar hvers og eins njóti sín sem best. Ráðið vill einnig árétta ánægju sína með þær áherslur sem leikskólinn hefur lagt á

undanfarin ár og heldur áfram að byggja ofan á og ber þar einna helst að nefna vísindastarfið sem tekið var inn í kennsluna fyrir nokkrum árum sem við teljum að hafi heppnast einstaklega vel og hefur verið gaman að sjá því framhaldið og byggt ofan á það góða starf undanfarin ár. Það verður jafnframt spennandi að sjá því fram haldið á komandi vetri. Facebook síður sem hver og ein deild hafa haldið úti vöktu gríðarlega lukku foreldra og leiddu til þess að foreldrar voru mun virkari „þátttakendur“ í leikskólastarfi barna sinna en með tilkomu nýrra persónuverndarlaga hefur notagildi þeirra rýrnað mikið. En þrátt fyrir það eru þær notaðar til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra um starfið og nýtast vel sem slíkar.

Eins vorum við mjög ánægð með sumaropnunina síðastliðið sumar og vonum að því verkefni verði framhaldið.

Heilt yfir er leikskólinn Rofaborg vel rekinn og faglega staðið að öllu starfi leikskólans og teljum við enga ástæðu til að ætla annað en að komandi skólaár verði jafn gott og síðastliðin ár.

Foreldraráð Rofaborgar

Ólafur Jónsson

Ágústa Ósk Einars Sandholt

Íris Dögg Gunnarsdóttir

Þórður Ingi Guðmundsson

	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb
<b>Námslotur:</b>						
Félagsfærni, læsi og sjálfsefning. Útikennsla.	x	x				
Félagsfærni, læsi og sjálfsefning. Þjóðsögur og ævintýri		x	x			
Jólaundirbúningur				x		
Félagsfærni, læsi og sjálfsefning. Vísindastarf					x	x
Félagsfærni, læsi og sjálfsefning. Framsögn						x
Sumarstarf						
<b>Viðburðir:</b>						
Lestraráttak - Lestrarormarnir		x	x			
Ljósavika					x	
Fjölmeningadagar						
Umferðarvikur		x			x	
Vettvangsferðir barna fædd 2014	x	x	x	x	x	x
Vettvangsferð fædd 2015 á Þjóðminjasafnið						
Heimsókn 6 ára barna úr Árbæjarskóla		x				
Heimsóknir 5 ára í grunnskólann	x		x	x		x
Heimsóknir í Töfrasel						x
Barnameningarhátíð						
Öskudagur						
<b>Foreldrasamstarf:</b>						
Dagur leikskólans						6-Feb
Foreldraviðtöl			x	x	x	x
Foreldrafundur		x				
Jólaakó foreldra				x		
Fréttabréf	x	x	x	x	x	x
Opið hús						
Útskrift elstu barna						
Karlaheimsókn					x	
Kvennaheimsókn						x
Skipulagsdagar	13. sept.		19-Nov			7-Feb

Dagatal hvers mánaðar birtist á heimasíðu Rofaborgar undir skóladagat

Mars    Apríl    Maí    Júní    Júlí    Ág

	X	X	X	X	
X	X				
			X	X	
X	X				
X	X	X	X	X	
		X			
			X		
X	X				
X	X	X			
	X				
X	X	X	X		
	X				
		X			
22. eða 27. og 24.apríl		22-May			

:al